

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2015-2016 01.02. 2015 7. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Nú hækkar sólin stöðugt á lofti og hefur fyrsti mánuður ársins kvatt okkur. Febrúar er genginn í garð og þá ber hæst hjá okkur árshátíð skólans sem verður dagana 25. og 26. febrúar. Æfingar eru komnar á fullt og má með sanni segja að þetta sé erilsamur tími í skólanum en vissulega skemmtilegur. Árshátíðin verður aðeins með breyttu sniði frá því sem verið hefur þar sem fyrri dagurinn er kennsludagur og eftir hádegi hefjast sýningar. Nánara skipulag verður sent þegar nær dregur. Við vonumst að sjálfsgöðu til að sjá alla í hátíðarskapi þessa daga.

Í þessum mánuði eru viðtalsdagar þann 8. og 9. febrúar og þá þurfa allir jafnt nemendur/foreldrar og kennara að skrá inn í frammistöðumatíð á Mentor. Vetrarleyfi er svo dagana 10.-12. febrúar. Foreldrakönnun Skólapúlsins verður í þessum mánuði. Ég hvet þá sem lenda í úrtaki að svara könnuninni en það er nauðsynlegt fyrir skólastarfið að fá upplýsingar frá foreldrum hvað sé gott og hvað betur má fara.

Annars er allt gott að fréttu úr skólanum og má segja að tíminn líði hratt þessa dagana enda gerir hann það þegar mikið er um að vera!

Bestu kveðjur

Ólöf Inga

Hitt og þetta

Ein af þeim aðferðum sem notaðar eru í SMT eru svokallaðir SET-listar (School-wide Evaluation Tool), en það er staðlaður spurningalisti sem hefur það að markmiði að meta hversu vel hefur gengið að innleiða SMT – skólafærni í skólanum.

Listarnir eru lagðir fyrst fyrir áður en innleiðingin fer fram, síðan 6-12 vikum eftir að innleiðing hefst og eftir það í nóvember á hverju ári. Niðurstöðurnar eru notaðar til að endurskoða vinnuna, hvað þarf að bæta, t.d. ef nemendur þekkja ekki gildi skólans, starfsfólk hefur ekki kennt reglur, kennarar eru ekki sam-mála um hvað eru agavandamál og hvernig skuli vinna með þau ofl. SMT skólarnir á Akureyri meta hvorn annan þannig að Síðuskóli leggur listana fyrir í Lundarskóla, Lundarskóli fer í Oddeyrarskóla og Oddeyrarskóli fer í Síðuskóla. Fyrir skömmu komu tveir starfsmenn úr Oddeyrarskóla og lögðu listana fyrir í Síðuskóla. Viðmælendur voru af öllum aldri, í ólíkum störfum og af báðum kynjum. Niðurstöðurnar í ár voru glæsilegar, eða 100% meðalskor. Nær allir nemendur þekktu einkunnarorðin, allir aðspurðra þekktu til SMT stýrihópsins innan skólans, en hann skipa Ólöf skólastjóri, Sibba sérkennari, Ella Skarp. Skóla-liði og Hrönn umsjónarkennari í 6.b. Glæsilegur árangur! Á heimasíðu skólans, siduskoli.is, má sjá stutta umfjöllun um SET listana og niðurstöður síðustu ára. Slóðin er:

http://siduskoli.is/static/files/setkynning_2016.pptx

Á döfinni í febrúar:

8. feb.	Bolludagur, foreldraviðtöl
9 feb.	Sprengidagur, foreldraviðtöl
10. feb.	Öskudagur, vetrarleyfi, Frístund opin
11. feb.	Vetrarleyfi Frístund opin
12. feb.	Vetrarleyfi Frístund opin
25. feb.	Árshátíð, kennsla til kl. 13:00
26. feb.	Árshátíð, engin kennsla.

100 miða leikurinn

Í síðustu viku var tilkynnt um hvaða lína í 100 töflunni var dreginn út í 100 miða leiknum. Síðustu tvær vikur þar á undan höfðu starfsmenn afhent nemendum sem fara að reglum skólans sérstaka hrósmiða, eða svokallaða 100 miða. Þeim var svo raðað upp á töflu með tölunum 1-100 og síðan ein lóðrétt lína dregin út. Í þetta sinn voru það þeir nemendur sem höfu sett miðann á tölu sem endar á 7 sem dattu í lukkupottinn. Í viðurkenningaskyni fengu þeir að fara á kaffihús, Kaffi Ilm, með tveimur af stjórnendum skólans og þiggja kakó og kókusneið. Ferðin var hin ánægjulegasta og áttu hlutaðeigandi ánægjulega stund saman. Hér má sjá myndir frá 100 miða hátíðinni, frá því þegar úrslitin voru tilkynnt og úr ferðinni á kaffihúsið.



Rýmingaræfing C — gangur

Fimmtudaginn 21. janúar sl. var haldin rýmingaræfing á C—gangi. Tilgangurinn er að æfa rýmingu á stofum á viðkomandi gangi komi upp sú staða að þessu þurfi, t.d. vegna elds. Nauðsynlegt er að allir, bæði nemendur og starfsfólk, þekki sitt hlutverk, viti hvar neyðarútgangarnir eru og geti farið út um þá, fljótt og örugglega. Í öllum kennslustofum skólans er teikning af útgönguleið ef hættuástand skapast. Rýmingaræfingar eru haldnar á öllum göngum á hverju ári, öryggisnefnd skólans skipuleggur þær í samstarfi við Slökkvilið Akureyrar. Eftir að út er komið raða nemendur sér í röð og kennarinn fer yfir að allir séu örugglega komnir út og síðan er skráningaraðila gefnar upplýsingar, en hann safnar þeim og lætur vita ef einhvern vantar. Hvorki nemendur né starfsfólk vita hvenær dagsins æfingin er, því gera verður æfinguna eins raunverulega og hægt er. Æfingin gekk að óskum, allir kunnu sitt hlutverk og C gangur var tæmdur á innan við tveimur mínútum, sem er besti árangur sem náðst hefur. Að æfingu lokinni er upplýsingum safnað saman, m.a. til að athuga hvort einhverjir hnökra hafa verið á æfingunni og hægt sé að gera enn betur. Á myndunum má sjá þegar nemendur rýma stofurnar og eru komnir í talningaröð.



Allir lesa — ókeypis sögur



Ný síða var að fara í loftið

<https://geimverantak.wordpress.com/>

Á síðunni eru ókeypis yndislegar sögur handa átakinu Allir lesa - gjöf handa lestrarátakinu Sögurnar eru bæði á formi rafbóka og einnig eru margar sagnanna lesnar á Youtube (linkar inni á síðunni). Höfundur bókanna um geimveruna TAK, Hjalta Bjarnason, hefur gert síðu með öllum útgefnum bókum forlagsins Freyjukatta s.l. áratugi. Alls eru 30 TAK-sögur inn á síðunni, m.a. 20 bækur Hannesar sögu Grásteins, verðlaunasögur eftir Guðrúnu Kristínu Magnúsdóttur,

Í janúar voru öðruvísi dagar þar sem nemendur og starsfólk komu m.a. í búningum í skólann. Við það tækifæri voru teknar myndir og látum við nokkrar myndir frá þeim degi



MATSEÐILL - febrúar 2016

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
1. Pottréttur, hrísgrjón, snittubrauð	2. Grilluð bleikja, kartöflur, ferskt grænmeti, ostasósa, ávextir	3. Eitthvað óvænt...	4. Fiskibuff, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	5. Súpa
8. Viðtöl - Bolludagur	9. Viðtöl - Sprengidagur	10. Vetrarfrí - Öskudagur	11. Vetrarfrí	12. Vetrarfrí
15. Plokkfiskur, rúgbrauð, ávextir	16. Lasagna, snittubrauð, ávextir	17. Fiskur í raspi, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	18. Píta með hakki, grænmeti, sósa	19. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
22. Hakk, spaghetí, snittubrauð	23. Makkarónur, salatbar Val nemenda	24. Lambasnitzel, kartöflur, grænar baunir, st. laukur	25. Samlokur, ávextir Árshátíð	26. Árshátíð
29. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir				